

SK560 01- 1.0 Aðgangsreglur á millilandaflugvöllum Isavia Innanlandsflugvalla

Samþykkjandi: Flugverndarstjóri Isavia Innanlandsflugvalla

1 Gildissvið.

Reglur þessar gilda um akstur, umferð og aðgang að millilandaflugvöllum Isavia Innanlandsflugvalla.

2 Orðskýringar.

Í reglum þessum hafa eftirfarandi orð og hugtök merkingu sem hér segir.

Aðgreint flugverndarsvæði (*Demarcated area*): Svæði aðskilið frá öðrum haftasvæðum flugvallarins með stjórnunum aðgangi, þar sem heimilt er að stunda almannaflug milli landa.

Almannaflug (*General aviation*): Flug loftfars annað en atvinnuflug og verkflug.

Almenningssvæði (*Landside*): Sá hluti flugvallar sem ekki er flugsvæði, þ.m.t. öll almenn svæði.

Aths. Mörk almennings- og flugsvæðis eru að jafnaði um girðingu og mannvirki sem teljast hluti girðingar.

Almenningsflug (*Civil aviation*): Flug í samræmi við reglur sem settar eru af flugmálayfirvöldum og starfrækt undir eftirliti eða stjórn Samgöngustofu fyrir allt flug annað en herflug. Almenningsflug tekur hvort tveggja til atvinnuflugs og einkaflugs.

Bakgrunnsathugun (*Background check*): Athugun á því hver einstaklingur er og upplýsingum lögreglu um sakaferil hans, þ.m.t. hvort hann eigi afbrotaferil að baki, sem lið í mati á því hvort óhætt er að heimila honum aðgang að haftasvæði flugverndar án fylgdar og viðkvæmum trúnaðarupplýsingum um flugvernd.

Flugstöð (*Terminal*): Aðalbygging eða bygging þar sem afgreiðsla farþega og farangurs fer fram og þaðan sem farið er um borð í loftför.

Flugsvæði (*Airside*): Athafnasvæði á flugvelli, aðliggjandi landsvæði og byggingar eða hlutar af þessu þar sem aðgangur er takmarkaður.

Aths. Mörk almennings- og flugsvæðis liggja að jafnaði um girðingu og mannvirki sem teljast hluti girðingar.

Haftasvæði flugverndar (*Security Restricted Area*): Flugsvæði flugvallar þar sem eftirlit er haft með aðgangi til að tryggja flugvernd í almenningsflugi. Slík svæði ná að jafnaði yfir m.a. öll brottfararsvæði á milli skimunarstaða og loftfars, hlaðs, flokkunarsvæðis farangurs, farangursskála, pósthöfva og athafnasvæða fyrir ræstingar og flugvistir.

SK560 01- 1.0 Aðgangsreglur á millilandaflugvöllum Isavia Innanlandsflugvalla

Samþykkjandi: Flugverndarstjóri Isavia Innanlandsflugvalla

Loftakstur (*Air taxiing*): Hreyfing þyrlla yfir flugvelli í mjög lítilli hæð yfir jörðu á flug-eða þyriluvelli frá hlaði í flugtaksstöðu eða í hlað eftir lendingu. Ath. Raunhæð er mismunandi og sumar þyrllur geta þurft að fljúga í meira en 8 m (25 feta) hæð frá jörðu í flugakstri til að minnka jarðhrif eða til að skapa nægjanlegt bil fyrir hangandi farm.

Viðkvæmasta haftasvæði flugverndar (*Critical part of Security Restricted Area*): Svæði í kringum millilandaloftfar í almenningssflugi sem er afmarkað með keilum og vaktað til að tryggja flugvernd. Svæði innan flugstöðvar sem aðgengilegt er þeim sem farið hafa í gegnum öryggisleit.

3 Aðgangsheimildir

3.1 Umsóknir og þjálfun

Umsókn um aðgang að flugvöllum eru á heimasíðu Isavia Innanlandsflugvella <https://www.innanlandsflugvellir.is/innanlandsflugvellir/um-okkur/umsoknir-eydublod>. Vegna umsóknar um aðgang að viðkvæmasta hluta haftasvæðis flugverndar skal til viðbótar skila inn eyðublaði vegna bakgrunnsskoðunar.

3.2 Aðgangsheimildir.

Einstaklingum, ökutækjum og vinnuvélum skal einungis heimil ferð um og inn á flugsvæði og haftasvæði hafi þeir gilda heimild. Slíkar heimildir eru:

- gildu brottfararspjaldi eða sambærilegu;
- gildu aðgangskorti áhafnar (áhafnarkort);
- gildu aðgangskorti að flugvelli; útgefna af rekstraraðila flugvallar
- gildu skírteini eftirlitsmanns sem gefið er út af Samgöngustofu

Áhafnar meðlimir, aðrir en þeir sem hafa gild flugvallarskilríki, skulu ávallt vera með fylgdarmanni þegar þeir eru á flugsvæði og haftasvæði flugverndar, að undanskildum:

- svæðum þar sem farþegum er heimilt að vera og
- svæðum, sem eru mjög nálægt loftfarinu sem þeir komu með eða munu fara með, og
- svæðum, sem eru ætluð áhöfnum, og
- þeim leiðum frá flugstöð eða gönguleið til og frá loftfarinu sem flugverjarnir komu með eða munu fara með.

Aðilar sem fljúga inná flugvöllinn eru undanþegnir skilyrði 1. mgr. hvað varðar aðgangsheimildir. Undanþágan tekur til komu og brottfarar á flugvöllum og eðlilegra hreyfinga loftfars innan flugsvæðis s.s til aksturs á stæði, í flugskýli eða viðgerðarverkstæðis. Einstaklingar sem bregðast við alvarlegri ógn við líf eða eignir og ökutæki sem notuð eru í því skyni geta verið undanþegnir skilyrði 1. mgr. hvað varðar aðgangsheimildir.

Gestir á ábyrgð og undir umsjá aðila með gilda aðgangsheimild eru einnig undanþegnir skilyrði 1. mgr. hvað varðar aðgangsheimildir in á flugsvæði en skulu fá útgefna bráðabirgðaheimild vegna aðgangs að haftasvæði. Umsóknir um bráðabirgðaheimild berist

Útrentunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar
--

SK560 01- 1.0 Aðgangsreglur á millilandaflugvöllum Isavia

Innanlandsflugvalla

Samþykkjandi: Flugverndarstjóri Isavia Innanlandsflugvalla

yfirstjórn viðkomandi flugvallar sem kannar hvort ábyrgðarmaður er með gilda aðgangsheimild og hvort umsækjandi eigi lögmæt erindi inn á viðkvæmasta hluta haftasvæðis. Sjá nánar VL560 07, útgáfu bráðabirgðaheimildar. Ábyrgðarmaður skal hafa heimild til að fylgja gestir inn á viðkvæmasta hluta haftasvæðis, hafa viðkomandi gest ávallt í auglýsingu og tryggja með nokkurri vissu að sá eða þeir sem eru fylgdir fremji ekki flugverndarbrot. Áhafnar meðlimur sem fylgir farþega sem ferðast ekki vegna flugsamnings sem leiðir til afhendingar brottfararspjalds eða sambærilegt, getur verið undanþeginn kröfum aðgangsheimildar inn á viðkvæmasta hluta haftasvæðis. Bráðabirgðaheimildir eru gefnir út við gátstöð í flugstöð og eru skráð í bók þar.

Þegar sótt er um aðgang að haftasvæði og skal einstaklingur undirgangast bakgrunnsathugun Ríkislögreglustjóra a.m.k. 5 ár aftur í tímann frá dagsetningu umsóknar. Standist umsækjandi ekki bakgrunnsathugun skal synja umsókn hans. Nánar um tilhögun og forsendur bakgrunnsathugunar er að finna í reglugerð um flugvernd.

Aðgangsheimildir skulu gefnar út með tiltekinn gildistíma, að hámarki 5 ár. Heimildin er bundin ákveðnu starfi eða starfsemi og er handhafa þá einungis heimilt að nýta heimildina í þeim tilgangi. Láti handhafi af því starfi eða leggi niður þá starfsemi fellur leyfið úr gildi og skal skila því á útgáfustað þess. Ábyrgðarmenn viðkomandi fyrirtækis eru ábyrgir fyrir því að aðgangsheimild viðkomandi starfsmanns verði skilað til flugvallayfirvalda við lok starfs. Þegar sótt er um aðgang að haftasvæði skal einstaklingur undirgangast bakgrunnsathugun Ríkislögreglustjóra a.m.k. 5 ár aftur í tímann frá dagsetningu umsóknar. Standist umsækjandi ekki bakgrunnsathugun skal synja umsókn hans. Nánar um tilhögun og forsendur bakgrunnsathugunar er að finna í reglugerð um flugvernd.

Skilgreindir löggæsluaðilar samkvæmt Flugverndaráætlun Íslands eru lögregla, tollgæsla og landhelgisgæsla. Sömu aðilar og ökutæki sem þessir aðilar aka geta einnig verið undanþegnir skimun og með heimild til að bera vopn samkvæmt Flugverndaráætlun Ísland og er þá svartur ferningur í aðgangsheimild viðkomandi.

3.3 Aðgangsheimild.

Á aðgangsheimild skal koma fram nafn handhafa, ljósmynd af honum, nafn starfsaðila/fyrirtækis, gildistími og áritun um hvaða svæði handhafi hafi aðgang að.

Svæðaskipting má sjá í SK561 03 vegna Reykjavíkurlugvallar, SK562 90 vegna Akureyrarflugvallar og SK563 90 vegna Egilsstaðarflugvallar.



Haftasvæði flugverndar



Flugsvæði



Flugvélaakbrautir/flugbrautir

SK560 01- 1.0 Aðgangsreglur á millilandaflugvöllum Isavia
Innanlandsflugvalla
Samþykkjandi: Flugverndarstjóri Isavia Innanlandsflugvalla

Útlit aðgangsheimildar fyrir einstakling




Á aðgangskort áhafnar skal koma fram nafn handhafa, ljósmynd af honum, nafn flugrekanda, gildistími og crew.

Útlit aðgangsheimildar fyrir ökutæki/vinnuvélar

Útrentunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar
--

SK560 01- 1.0 Aðgangsreglur á millilandaflugvöllum Isavia Innanlandsflugvalla

Samþykktandi: Flugverndarstjóri Isavia Innanlandsflugvalla



3.4 Aðgangsheimild fyrir ökutæki og vinnuvélar.

Aðgangsheimild fyrir ökutæki og vinnuvélar skulu gefin út á tiltekið ökutæki eða vinnuvél. Í aðgangsheimild fyrir ökutæki og vinnuvélar skal tilgreint skráningarnúmer ökutækis eða vinnuvélar, nafn umráðanda ökutækis eða vinnuvélar (starfsaðila/fyrirtækis), gildistími heimildar, áritun um hvaða svæði ökutækis eða vinnuvél er heimill aðgangur að og undirritun/stimpill rekstraraðila flugvallar.

Ökutæki, sem aðeins eru notuð á flugsvæði og hafa ekki leyfi til aksturs á opinberum vegum eru undanþegin aðgangsheimild að því tilskildu að þau séu greinilega merkt viðkomandi rekstraraðila flugvallar.

Ábyrgðarmenn viðkomandi fyrirtækis skulu sækja um aðgangsheimild fyrir ökutæki og vinnuvélar fyrir hönd starfsmanna sinna.

Aðili sem hefur heimild til aksturs á flughlaði og þjónustuvegum (A-réttindi) og þeir sem þurfa að aka um umferðasvæði loftfara (flug- og akbrautir) (D-réttindi) skal hafa lokið viðeigandi námskeiði og þjálfun í akstri. Við endurnýjun aðgangsheimildar skal umsækjandi sækja endur-menntunarnámskeið í akstri á flugvöllum. Þannig skulu allir sem hafa aðgang að flugvöllum sækja endurmenntun í akstri á flugvelli a.m.k. 5 ára fresti. Jafnframt er gerð krafa um gilt ökuskráteini.

3.5 Útgáfa aðgangsheimilda.

Rekstraraðili flugvallar gefur út aðgangsheimild fyrir ökutæki og vinnuvélar því til sönnunar að aðgangsheimild hafi verið veitt að flugvelli.

3.6 Notkun aðgangsheimilda.

Aðgangsheimildir eru eign Isavia Innanlandsflugvalla og skal aðgangsheimild skilað þegar gildistími er úrunnin, heimild hefur verið afturkölluð eða handhafi hættur þeim störfum eða hefur lagt niður þá starfsemi sem var forsenda útgáfu heimildar.

Útrentunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar

SK560 01- 1.0 Aðgangsreglur á millilandaflugvöllum Isavia Innanlandsflugvalla

Samþykkjandi: Flugverndarstjóri Isavia Innanlandsflugvalla

Ef aðgangsheimild glatist eða er stolið og ef handhafi missi bakgrunnsskoðun skal það þegar tilkynnt flugvallaryfirvöld og eða aðgangsskrifstofu sem ógildir aðgangsheimild eins fljótt og auðið er. Sjá nánar VR764 04 Afturköllun, ógilding og eyðing aðgangsheimilda.

Allir sem fara um eða starfa á flugsvæðum skulu bera aðgangsheimild á sýnilegum stað.

Ef einstaklingur er ekki með sýnilega aðgangsheimild skal skorað á viðkomandi að framvísa aðgangsheimild. Ef aðgangsheimild er ekki sýnileg í ökutækjum/vinnuvélum inn á flugsvæði skal tilkynna það til flugvallarþjónustu Isavia. Einstaklingum, ökutækjum og vinnuvélum sem ekki hafa gilda aðgangsheimild og ekki eru í fylgd með handhafa gildrar aðgangsheimildar skal vísað út af flugvelli.

4 Aðgangsstýring að flugsvæði

4.1 Almenn

Flugsvæði flugvallanna eru aðgangsstýrð. Girðingar, hlið og hurðir milli almennings- og flugsvæðis skulu ávallt vera tryggilega frágengin og læst þegar ekki er umferð um þau.

4.2 Ábyrgð aðila

Aðilar með starfsemi í byggingum sem tengja almennings- og flugsvæði, bera ábyrgð á stjórnun umferðar um og í gegnum aðstöðu sína. Aðilar með starfsemi í byggingum sem tengja almennings- og flugsvæði mega ekki afhenda aðgangstæki að byggingum sínum til annarra en þeirra sem hafa fengið aðgangsheimild frá rekstraraðila flugvallar.

Hver starfsaðili sem hefur heimild til umgengni um tiltekin hlið, er ábyrgur fyrir þeim aðilum og farartækjum sem hann kann að hleypa inn um hliðið, þar til sá hinn sami er kominn í umsjá annars aðila eða hefur yfirgefið svæðið.

Þegar aðili fer um hlið á flugsvæðinu skal þess gætt að enginn annar aðili geti farið um hliðið á eftir viðkomandi.

Þegar ökutæki er ekið um hlið á flugsvæðinu skal ökumaður þess stöðva ökutækið þegar búið er að aka um hliðið og bíða þar til hliðið hefur lokast að fullu á eftir honum.

Ef fleiri en einu ökutæki er ekið inn á flugsvæðið þá skal ökumaður þess ökutækis sem ekið er síðast um hliðið stöðva og bíða þar til hliðið hefur lokast að fullu.

4.3 Aðgangstæki.

Allar aðgangsheimildar og lykjar sem veita aðgang að flugsvæðum sem afhentar eru skulu vera eign rekstraraðila flugvallarins.

5 Aðgangsstýring að sérstakt starfssvæði og aðgreindu flugverndarsvæði

5.1 Aðgangsstýring að flugsvæði frá sérstökum starfssvæðum.

SK560 01- 1.0 Aðgangsreglur á millilandaflugvöllum Isavia

Innanlandsflugvalla

Samþykkjandi: Flugverndarstjóri Isavia Innanlandsflugvalla

Svæði einkaskýla á Akureyrarflugvelli er sérstakt starfssvæði skilgreint sem flugsvæði en aðskilið frá öðru flugsvæði með geislahliði. Fluggarðar á Reykjavíkflugvelli er sérstakt starfssvæði skilgreint sem flugsvæði en aðgangsstýrð frá öðru flugsvæði með akbraut Golf.

5.3 Aðgreint flugverndarsvæði.

Hluti flughlaðs er skilgreindur sem aðgreint flugverndarsvæði. Um er að ræða svæði sem er aðskilið frá öðrum haftasvæðum flugvallarins með stjórnunum aðgangi, þar sem heimilt er að stunda almannaflyg milli landa.

Frá aðgreindu flugverndarsvæði er einungis heimilt að afgreiða loftför sem falla undir rg. (ESB) 1254/2009. Starfsmenn sem starfa við afgreiðslu millilandaloftfara á aðgreindum flugverndarsvæðum skulu hafa undirgengist bakgrunnsathugun Ríkislögreglustjóra áður en aðgangsheimild að velli er útgefin.

6 Akstur og umferð

6.1 Akstur ökutækja.

Akstur ökutækja og vinnuvéla án aðgangsheimildar er óheimill innan flugsvæðis nema aðili með gilda aðgangsheimild taki ábyrgð á akstri þess og ökutækið sé í fylgd með ökutæki sem hefur gilda aðgangsheimild og viðeigandi búnað skv. kafla 6.2. Það ökutæki sem er útbúið er skv. kafla 6.2, skal ekið á undan ökutækinu sem ekki er þannig útbúið.

Ökumenn sem starfa sinna vegna þurfa að aka á flughlöðum (A-réttindi) og þeir sem þurfa að aka um flug- og akbrautir (D-réttindi) verða að hafa lokið sérstöku námskeiði sem er viðurkennt af Isavia.

6.2 Búnaður ökutækja.

Ökutæki með gilda aðgangsheimild skulu búin gulu sveifluljósi sem skal gangsett þegar ökutæki er á ferð eða það er notað til vinnu. Ökutæki sem heimilt er að aka um flugbrautir og akbrautir skal jafnframt útbúið talstöð með tíðni flugturns. Ávallt skal með fjarskiptasambandi óska eftir leyfi til aksturs um eða yfir flugbrautir og akbrautir til flugturnsins. Séu ökutæki á eða við akbrautir og flugbrautir yfirgefin, skal fjarskiptasamband við flugturn tryggt með handtalstöð á sömu tíðni.

Ökumenn skulu gæta þess, að akstursljós ökutækja trufli ekki loftför í landingu, flugtaki eða akstri á flugsvæði.

6.3 Takmarkanir vegna aksturs

A. Heimildir til aksturs á flugbrautum má aðeins veita vegna eftirtalinnar þjónustu.

- Brautarskoðunar og eftirlits með umferðarsvæðum
- Fælingar fugla og hreinsunar aðskotahluta
- Neyðaraksturs
- Viðhalds flugvallar og aðflugstækja sem og prófana

Útprentunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar

**SK560 01- 1.0 Aðgangsreglur á millilandaflugvöllum Isavia
Innanlandsflugvalla****Samþykkjandi:** Flugverndarstjóri Isavia Innanlandsflugvalla

- Nauðsynlegs viðhalds loftfara vegna bilana / atvika á flug- og / eða akbrautum.
- Brautarþjónustu (vetrar- og sumarviðhald) vegna flugbrauta, akbrauta og flughlaða.
- Dráttar loftfara

B. Heimildir til aksturs á akbrautum má veita þeim sem sinna þeirri þjónustu sem tilgreind er í lið A og að auki vegna:

- Eldsneytisáfyllinga
- Almennrar þjónustu við loftför
- Annars, skv. leyfi flugvallaryfirvalda, sem tilgreint er sérstaklega
- Heimildir til aksturs á flughlöðum og stæðum má veita auk ofangreindra aðila:
- Flugrekendum
- Viðurkenndum starfsaðilum á flugvelli

D. Undanþágur

Flugvallarstjóri getur veitt takmarkaðar undanþágur frá ofangreindum kröfum ef um er að ræða þjónustu sem ekki er tilgreind hér að ofan og talin er nauðsynleg starfsemi flugvallarins eða flugrekenda í lengri eða skemmri tíma. Tilgreina skal áætlaða tíðni og hugsanlegar takmarkanir.

7 Ýmis ákvæði**7.1 Almennar umferðarreglur.**

Almennar umferðareglur ökutækja og vinnuvéla má sjá í öryggisreglum flugvallarins

7.2 Tilkynningar og viðurlög

Ef vart verður við brot á reglum flugvallarins þ.m.t. þessar reglur skal tilkynna

<https://www.innanlandsflugvellir.is/innanlandsflugvellir/um-okkur/umsoknir-eydublod/oryggistilkynningar>.

Við endurtekin eða meiriháttar brot er heimilt að svipta einstakling aðgangsheimild að flugvellinum, tímabundið eða að fullu, vegna brota á lögum og reglum þ.m.t. settum reglum flugvallanna, ef telja verður með hliðsjón af eðli brotsins eða annars framferðis hans varhugavert að hann noti heimildina.

Ef ökutæki er án gildu aðgangsheimild skal loka aðgang á aksturshliðum viðkomandi eiganda ökutækis.

Ákvörðun um sviptingu skal rökstudd og leyfishafa skal gefinn kostur á að neyta andmælaréttar áður en ákvörðun er tekin. Rekstraraðila flugvallar skal heimilt að afturkalla tímabundið aðgangsheimildir meðan á meðferð máls standur.

7.3 Lagastoð og gildistaka.

Reglur þessar eru settar með vísan til 157. gr. laga um loftferðir nr. 80/2022 sbr. 7. og 24. gr. reglugerðar nr. 750/2016 um flugvernd og taka gildi frá útgáfu.

Útprentunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar

**SK560 01- 1.0 Aðgangsreglur á millilandaflugvöllum Isavia
Innanlandsflugvalla****Samþykkjandi:** Flugverndarstjóri Isavia Innanlandsflugvalla
